

Nám að loknum grunnskóla á átta tungumálum

Ritið „Nám að loknum grunnskóla“ um skipulag náms og námsframboð einstakra framhaldsskóla kemur nú í fyrsta sinn út á fleiri tungumálum en íslensku. Megininntak ritsins hefur verið þýtt á átta tungumál; ensku, litháísku, pólsku, rússnesku, serbnesku, spænsku, tailensku og víetnömsku, í þeim tilgangi að ná til nemenda af erlendum uppruna.

Bæklingurinn er bæði á íslensku og erlendu tungumáli og því auðvelt fyrir námsráðgjafa, kennara og aðra sem eru í samskiptum við heimili ungmennanna, að koma skýrt til skila hvaða möguleikar eru á námsleiðum að loknu grunnskólanámi. Í bæklingum er jafnframt getið, í sérstakri töflu, um þá skóla sem bjóða upp á námsleiðir í íslensku fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þetta á einnig við um þau íslensku ungmenni sem eru að flytjast til landsins og þurfa sérstakan stuðning í íslensku vegna

langrar dvalar erlendis.

Bæklinginn er hægt að nálgast á [vef ráðuneytisins](#) í prentvænni útgáfu en einnig er hægt að fá hann sendan í pósti með því að senda beiðni þar um á netfangið: mottaka@mrn.stjr.is.

Það er afar mikilvægt að sá stóri hópur ungmenna sem hefur annað móðurmál en íslensku sé boðinn velkominn í framhaldsskóla, hvar sem er á landinu, og að framhaldsskólinn hafi metnað til að koma til móts við þessa nemendur. Það er von ráðuneytisins að bæklingurinn megi verða til þess að auka þekkingu nemenda með annað móðurmál en íslensku og aðstandenda þeirra á því námi sem er í boði að loknum grunnskóla og að sem flestir finni nám við sitt hæfi og innan áhugasviðs síns.



Nýr forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands



[Menntamálaráðherra](#)
hefur skipað
Hallgrím Jónasson,
framkvæmdastjóra

hjá [Nýsköpunarmiðstöð Íslands](#)
forstöðumann [Rannsóknamiðstöðvar
Íslands](#).

Hallgrímur er fæddur 17. apríl 1952. Hann lauk B.Sc. í jarðfræði frá Háskóla Íslands árið 1977, B.Sc.hon. í jarðefnafræði árið 1978 og M.Sc. í jarðverkfræði frá Durham University árið 1981.

Hallgrímur hóf störf hjá Iðntæknistofnun árið 1980 og var forstjóri hennar 1992-2007. Frá 1. ágúst 2007 hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri fyrir erlend samskipti og viðskiptaþróun hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Skólasamningar við framhaldsskóla

Nýlega er lokið fundalotu [menntamálaráðuneytis](#) með stjórnendum 33 framhaldsskóla um svokallaða skólasamninga. Annars vegar er um að ræða fundi í samræmi við ákvæði þriggja ára samninga ráðuneytisins við framhaldsskóla sem reknir eru á vegum ríkisins, en samningstími þeirra rennur út í árslok 2008. Hins vegar er um að ræða þjónustusamninga við einkaaðila sem reka einstaka framhaldsskóla. Á fundum þessum er m.a. farið yfir nemendauppgjör, nemendaspár, ýmis sérverkefni einstakra skóla og áform skóla um ýmis þróunarverkefni. Í [frumvarpi til nýrra laga um framhaldsskóla](#), sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, eru ítarlegri ákvæði en áður um samninga ráðuneytisins við

einstaka skóla. Sigurður Sigursveinsson er nú verkefnisstjóri skólasamninga í ráðuneytinu og tók við því starfi af Aðalsteini Eiríkssyni.

Styrkir til framhaldsskóla til íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Úthlutun styrkja til framhaldsskóla til verkefna á sviði íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á vorönn 2008 hefur farið fram.

Alls sóttu 14 skólar um stuðning fyrir 147 nemendur auk námskeiða fyrir kennara, námsráðgjöf, undirbúningsstörf og sérþjónustu við nemendur s.s. túlkun og aðstoð í prófum.

Upphæð úthlutaðra styrkja var tæplega 10 millj.kr. að þessu sinni. Yfirlit yfir úthlutunina er í meðfylgjandi töflu:

Skóli	Upphæð styrks
Borgarholtsskóli	695.000
Fjölbrautaskóli Suðurlands	1.250.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	300.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.445.000
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	3.005.000
Flensborgarskólinn	460.000
Framhaldsskólinn á Laugum	300.000
Iðnskólinn í Reykjavík	569.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	300.000
Menntaskólinn á Akureyri	481.000
Menntaskólinn á Ísafirði	400.000
Menntaskólinn í Kópavogi	510.096
Verkmenntaskólinn á Akureyri	284.000
Samtals kr.	9.999.096

Burt með enskuslettur og óvandað málfar

Í síðustu viku komu góðir gestir í heimsókn í [menntamálaráðuneyti](#). Þar voru á ferð ungir menn úr [Vallaskóla á Selfossi](#) og [skólanum í Reykholti í Biskupstungum](#). Þeir eru forsvarsmenn í félagi sem heitir Félag íslenskumælandi ungmenna og stunda nám í 8. bekk í fyrrgreindum skólum.



Með heimsókn sinni til ráðherra vildu þeir vekja athygli á málfari ungs fólks á Íslandi, enskuslettum, ýmiss konar slangurýrðum og óvönduðu málfari sem kominn er tími til að spyrna fótum við. Þá er ekki bara átt við málfar unglinga og ungs fólks heldur einnig barna allt niður í leikskólabörn sem apa málfarið eftir eldri systkinum og jafnvel foreldrum. Þeir vilja snúa þessari þróun við og fá sem flesta til samstarfs, nemendur og kennara úr öðrum skólum, foreldra, almenning og fjölmiðla. Þeim hefur verið vel tekið að mestu hjá félögum, kennurum og foreldrum en betur má ef duga skal. Og þeir eru duglegir við að minna sjálfa sig á og hvetja vini til dáða og leiðrétta.

Þetta var góð og skemmtileg heimsókn sem vakti okkur embættismenn til umhugsunar og verður okkur vonandi öllum til eftirbreytni.

Talsmaður félagsins er Vigfús Blær Ingason en tölvupóst til félagsins má senda á modurmal@visir.is

